

37  
20. marz

## REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði á svæðinu frá Önglabrjótisnefi að Hraunsnesi.

Samkvæmt lögum nr. 83 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 2 24. janúar 1951, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

### 1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða innan landhelgi frá línu, er hugsast dregin um Reykjanesvita og Önglabrjótisnef á haf út og fyrir framan strandlengju Hafnahrepps, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurhrepps og Vatnsleysustrandarhrepps að Hraunsnesi, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

### 2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

### 3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. marz 1951.*

F. h. r.

**Gunnl. E. Briem.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

38  
20. marz

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Eskifjarðar.

### I. RAFORKA

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.90 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 75 aurum á mánuði á hvern m<sup>2</sup> gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslu skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi 5 kr. á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja

ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal telja sem 38 hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi. 20. marz

### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 95 aura hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minna árgjalds, frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl er yfir 40 kw.:
 

Fyrstu	50 þús. kwst.	ársnotkun á 42 aura	hverja kwst.				
Næstu	100	—	—	—	38	—	—
—	100	—	—	—	33	—	—
Umfram	250	—	—	—	29	—	—

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kvöldi.

### D. Önnur rafmagnsnotkun.

1. Raforku til suðu til veitingahúsa og gistihúsa og annarra slíkra staða má selja eftir gjaldskrárlið B.
2. Raforku til vinnulagna við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 75 aura hver kwst.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður hreppsnefnd eftir tillögu rafveitunefndar.
4. Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1, nema rafveitustjórn semji sérstaklega um annað í hvert skipti.

## II. MÆLAEIGA

Rafveitustjórn ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkv. eftirfarandi skrá:

- |   |                    |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum allt að 30 amp. ....  | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... | — 4.00 — —         |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. ....   | — 9.00 — —         |
| 4. — þrífasa mælum yfir 200 amp. ....     | — 13.00 — —        |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, sem miðast við rúmmál húss á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmál húss m <sup>3</sup> :	Heimtaugargj. jarðstr.:
Frá 0 allt að 100 .....	kr. 500.00
— 100 — — 150 .....	— 575.00

38  
20. marz

Rúmmál húss m <sup>3</sup> :		Heimtaugargj. jarðstr.:
Frá 150 allt að 200 .....		kr. 650.00
— 200 — — 250 .....		— 725.00
— 250 — — 300 .....		— 800.00
— 300 — — 350 .....		— 875.00
— 350 — — 400 .....		— 950.00
— 400 — — 450 .....		— 1025.00
— 450 — — 500 .....		— 1100.00
— 500 — — 550 .....		— 1175.00
— 550 — — 600 .....		— 1250.00
— 600 — — 650 .....		— 1325.00
— 650 — — 700 .....		— 1400.00
— 700 — — 750 .....		— 1475.00
— 750 — — 800 .....		— 1550.00
— 800 — — 850 .....		— 1625.00
— 850 — — 900 .....		— 1700.00
— 900 — — 1000 .....		— 1800.00
— 1000 — — 1200 .....		— 2000.00
— 1200 — — 1500 .....		— 2200.00
— 1500 og þar yfir .....		— 2400.00

Fyrir loftlinu skal greiða heimtaugargjald, er nemur 70% af gjaldinu fyrir jarðstreng.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Standi sérstaklega á eða óvenjulegir örðugleikar eru við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar lokið er lagningu heimtaugar.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar, nr. 48 23. marz 1948.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. marz 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*